

**Skipulagsskrá**  
**fyrir Orlofssjóð Bandalags háskólamanna**  
**frá 12. maí 1999**  
**með síðari breytingum 23. maí 2001 og 15. apríl 2005**

**1. gr**

*Heiti, varnarþing og heimili*

1. Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Bandalags háskólamanna og er heiti hans skammstafað OBHM.
2. Varnarþing er í Reykjavík.
3. Heimili og aðalstarfsstöð er að Lágmúla 7 nema stjórn ákveði annað.

**2. gr**

*Hlutverk*

Sjóðnum skal varið til að auðvelda sjóðfélögum að njóta orlofs. Sjóðurinn á og rekur orlofshúsnæði en hefur einnig það hlutverk að semja um aðra orlofsmöguleika fyrir sjóðfélaga.

**3. gr**

*Form og aðild*

1. Orlofssjóður Bandalags háskólamanna er sjálfseignarstofnun en stundar ekki atvinnurekstur þar sem meginrekstur sjóðsins snýr eingöngu að sjóðfélögum.
2. Sjóðsaðild öðlast þeir einstaklingar sem uppfylla eitt af eftirtöldum skilyrðum:
  - a) þeir sem fá aðild að sjóðnum vegna ákvæða í kjarasamningi aðildarfélags Bandalags háskólamanna eða með aðild að aðildarfélagi Bandalags háskólamanna þar sem kjarasamningi er ekki til að dreifa enda óski aðildarfélagið sérstaklega eftir slíkri aðild við sjóðsstjórn;
  - b) þeir sem áður hafa öðlast aðild skv a-lið og hafa hafið töku lífeyris eða hafa gegnt starfi sem lagt hefur verið niður;
  - c) þeir sem fengið hafa aðild að sjóðnum á grundvelli eldri reglna – þmt opinberir starfsmenn sem heyra undir kjaranefnd enda hafi orlofssjóðsframlag jafnhátt því hlutfalli sem samið er um í kjarasamningum verið úrskurðað sem hluti af launakjörum þeirra og það greitt til sjóðsins.
3. Sjóðsaðild byggist á því að greitt sé kjarasamningsbundið eða kjaranefndarúrskurðað orlofssjóðsframlag. Framlag skal greiða mánaðarlega til sjóðsins.
4. Sjóðsstjórn er heimilt að veita atvinnulausum, öryrkjum og eftirlifandi mökum látinna sjóðfélaga áframhaldandi sjóðsaðild gegn föstu árgjaldi, sem sjóðsstjórn ákveður. Sama gildir um sjóðfélaga sem leita sér endurmenntunar eða eru í launalausum leyfi frá starfi. Lífeyrisþegar, sbr b-lið 2. mgr., halda sjálfkrafa sjóðsaðild gegn greiðslu gjalds í eitt skipti fyrir öll að fjárhæð 10.000 kr. og hækkar sú fjárhæð í samræmi við vísitölu neysluverð miðað við 241,5 stig í apríl 2005. Sjóðsstjórn er heimilt að setja sérreglur um stigaávinnslu hópa sem greiða árgjald og eingreiðslugjald. Sjóðsstjórn er sömuleiðis heimilt að veita háskólamönnum, sem starfa sem launamenn á almennum vinnumarkaði, starfa erlendis eða starfa sjálfstætt, áframhaldandi sjóðsaðild gegn mánaðarlegri eða árlegri greiðslu orlofssjóðsframlags af launum eða reiknuðu endurgjaldi sem sé jafnhátt því hlutfalli sem samið er um í kjarasamningum (nú 0,25% heildarlauna) – þó aldrei lægra en tiltekin fjárhæð sem sjóðsstjórn ákveður í vafatilvikum.

**4. gr**

*Fulltrúaráð*

1. Í fulltrúaráði sjóðsins eiga sæti einn fulltrúi fyrir hvert stéttarfélag sem hefur kjarasamningsbundna aðild félagsmanna sinna að sjóðnum eða félag sem hefur kjaranefndarúrskurðaða aðild félagsmanna sinna að sjóðnum; þó þannig að tveir fulltrúar eru

fyrir þau félög sem hafa 500 eða fleiri greiðandi félagsmenn. Ef fulltrúar félags eru tveir skipta þeir á milli sín atkvæðum félagsins. Fulltrúar hafa atkvæðisrétt eftir fjölda greiðandi félagsmanna í hlutaðeigandi félagi, hið minnsta eitt atkvæði en auk þess eitt fyrir hvert byrjað hundrað félagsmanna umfram eitt hundrað.

2. Losni staða fulltrúaráðsmanns skal félagið tilnefna annan í hans stað.

## 5. gr

### *Ársfundur fulltrúaráðs*

1. Ársfund fulltrúaráðs Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna skal halda á tímabilinu mars til maí ár hvert, þó þannig að það ár sem haldinn er aðalfundur Bandalags háskólamanna sé ársfundur haldinn í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfundinn. Ársfundur skal auglýstur með minnst hálfsmánaðar fyrirvara þar sem dagskrár er getið.
2. Ársfundur fjallar um fjárfestinga- og starfsáætlun sjóðsstjórnar, reikninga, fjárhagsáætlun og tillögur um breytingar á starfsháttum hans og skipulagsskrá (samþykktum). Endurskoðaða reikninga skal leggja fyrir aðalfund Bandalags háskólamanna til kynningar og tillögur um breytingar á skipulagsskrá (samþykktum) skulu þar lagðar fram til afgreiðslu, sbr 9. gr.
3. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá (samþykktum) sjóðsins ef fyrir liggja skulu fylgja fundarboði.
4. Á dagskrá ársfundar skulu ma vera eftirtaldir liðir (d-liður og e-liður annað hvert ár, ójöfn tala)
  - a) Skýrsla stjórnar og reikningar.
  - b) Starfsáætlun og fjárhagsáætlun.
  - c) Tillaga um breytingar á skipulagsskrá (samþykktum) og starfsháttum.
  - d) Kjör sjóðsstjórnar til tveggja ára í senn: formanns, varaformanns og 3ja stjórnarmanna, svo og tveggja til vara.
  - e) Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga til tveggja ára í senn og varamanna þeirra.
  - f) Önnur mál.

## 6. gr

### *Sjóðsstjórn*

1. Sjóðsstjórn skal skipuð 7 stjórnarmönnum. Aðeins einn félagsmaður úr hverju félagi þar sem félagsmenn hafa kjarasamningsbundna eða kjaranefndarúrskurðaða aðild að sjóðnum getur verið í framboði til sjóðsstjórnar hverju sinni. Þetta ákvæði á ekki við um kjör formanns.
2. Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur í stjórn en 8 ár í einni lotu en fyrri stjórnarstörf formanns skulu þó undanskilin. Miðstjórn Bandalags háskólamanna tilnefnir á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund BHM 2 stjórnarmenn til viðbótar þeim 5 sem kjörnir eru á ársfundi og sitja þeir til fyrsta miðstjórnarfundar eftir næsta aðalfund BHM. Hætti meirihluti stjórnar störfum á kjörtímabilinu, þar af þrír þeirra sem kjörnir voru á ársfundi sjóðsins, skal boða til aukaársfundar OBHM, innan mánaðar, þar sem á dagskrá skal vera kjör sjóðsstjórnar skv d-lið 4. mgr 5. gr.
3. Sjóðsstjórn skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti en því sem ákveðið er í d-lið 4. mgr 5. gr og skal einn stjórnarmanna vera gjaldkeri og annar ritari.
4. Sjóðsstjórn Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna annast alla umsjón með eignum sjóðsins og fer með rekstur hans í umboði fulltrúaráðsins. Sjóðsstjórn skal leggja fyrir ársfund fulltrúaráðsins og aðalfund Bandalags háskólamanna skýrslu um starfsemi sjóðsins. Allar mikilvægar ákvarðanir varðandi fjárfestingar, skuldbindingar, kaup eða sölu eigna og reglur um úthlutun orlofshúsa/orlofsbúða skal bera undir fulltrúaráðið til afgreiðslu en ef brýn þörf er skjótra viðbragða getur sjóðsstjórn fengið samþykki fulltrúaráðs eftirá.
5. Sjóðsstjórn skal láta kynna með góðum fyrirvara umsóknarfresti og skilmála vegna þeirrar orlofsaðstöðu sem boðin er á sumarorlofstíma. Stjórnin lætur vinna úr umsóknum og kynna niðurstöður bréflaga.
6. Sjóðsstjórn boðar til funda fulltrúaráðsins. Að jafnaði skulu haldnir amk 2 fundir árlega.

## 7. gr

### *Fjármál*

1. Sem sjálfseignarstofnun hefur Orlofssjóður Bandalags háskólamanna sjálfstæðan fjárhag. Stofnfé er 1.000.000 – ein milljón – kr.
2. Reikningsárið er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til afgreiðslu á ársfundi fulltrúaráðsins og til kynningar á aðalfundi Bandalags háskólamanna. Við frágang efnahagsreiknings skal gæta þess að hann sýni sem gleggst raunverulega eigna- og skuldastöðu.
3. Sjóðsstjórn skal leggja fyrir fulltrúaráðið fjárhags- og fjárfestingaráætlun í lok árs vegna komandi starfsárs.
4. Miða skal við að rekstur hvernar tegundar sjóðsins standi undir sér.

## 8. gr

### *Úrsögn*

Sjóðfélagi telst segja sig úr Orlofssjóði Bandalags háskólamanna ef umsamin orlofssjóðsframlög eða árgjöld skv 4. mgr 3. gr hætta að berast sjóðnum. Sjóðfélagi getur ekki gert kröfu um hlutdeild í eignum sjóðsins við úrsögn og framlög eða árgjöld einstaklinga í sjóðinn eru óendurkræf.

## 9. gr

### *Breytingar á skipulagsskrá*

Skipulagsskrá þessari (samþykktum þessum) má aðeins breyta á aðalfundi Bandalags háskólamanna að fenginni samþykkt ársfundar fulltrúaráðs sjóðsins. Hafa þá einungis þau félög atkvæðisrétt sem eiga sjóðfélaga í sjóðnum og þá með vegnum atkvæðum samkvæmt fjölda greiðandi sjóðfélaga. Til að tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari sé tekin fyrir á ársfundi sjóðsins verður hún að berast skrifstofu sjóðsins fyrir áramót næst á undan aðalfundi Bandalags háskólamanna. Tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari verður að hljóta meirihluta atkvæða kjörinna fulltrúa á ársfundi til að vera lögð fyrir aðalfund Bandalags háskólamanna til afgreiðslu. Ef tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari varðar breytingu á aðildarskilyrðum skv 3. gr eða úrsagnarákvæðum skv 8. gr verður hún að hljóta samþykki með atkvæðum amk 2/3 kjörinna fulltrúa.

## 10. gr

### *Slit eða sameining*

1. Um ákvörðun um að leggja Orlofssjóð Bandalags háskólamanna niður eða sameina hann öðrum aðila fer eftir 9. gr að öðru leyti en því að tillaga um það þarf að hljóta samþykki með atkvæðum amk  $\frac{3}{4}$  kjörinna fulltrúa – bæði á ársfundi fulltrúaráðs orlofssjóðsins og á aðalfundi Bandalags háskólamanna.
2. Þegar lögmæt ákvörðun um slit Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna hefur verið tekin skal eignum sjóðsins varið í samræmi við markmið sjóðsins eftir nánari ákvörðun ársfundar orlofssjóðsins og aðalfundar Bandalags háskólamanna.

## 11. gr

### *[Lokaákvæði]*

1. Skipulagsskrá þessi fyrir sjálfseignarstofnunina Orlofssjóð Bandalags háskólamanna (OBHM) er samin með hliðsjón af lögum nr 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, sem öðlast gildi hinn 1. nóvember 1999, án þess að með því sé viðurkennt á að lögini taki til OBHM.
2. Bandalag háskólamanna telst stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar en framlagsfé er runnið frá Orlofssjóði Bandalags háskólamanna fyrir formbreytinguna. Stofnfé er 1.000.000 kr, sbr 7. gr, og er ekki tekið við öðru en reiðufé í tengslum við stofnunina.
3. Sjóðfélagar og eftirlifandi makar þeirra, sbr 3. gr, njóta einir réttinda í sjóðnum. Bandalag háskólamanna nýtur ekki annarra sérréttinda í sjálfseignarstofnuninni en tilnefningarvalds að því

er varðar 2 stjórnarmenn í sjóðsstjórn, sbr 6. gr, og ákvörðunarvalds um breytingar á samþykktum og niðurlagningu, sbr 9. og 10. gr.

4. Fjöldi stjórnarmanna er 7, sbr 6. gr, en fjöldi fulltrúaráðsmanna ræðst af fjölda sjóðfélaga og félaga þeirra, sbr 4. gr. Hagnaði skal varið í samræmi við hlutverk sjóðsins, sbr 2. gr, en ef tap verður á rekstrinum skal farið með það eftir ákvörðun ársfundar fulltrúaráðsins.
5. Skipulagsskrá þessi er samþykkt á framhaldsársfundi Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna 12. maí 1999 og tekur þegar gildi til bráðabirgða, sbr til hliðsjónar meginreglu 2. mgr 36. gr laga nr 33/1999, en endanlegt gildi skipulagsskrárinnar er háð ákvörðun aðalfundar Bandalags háskólamanna árið 2000, sbr 9. gr.